

**Ed.**

**331. Nefndarátt**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana vegna alþingishátíðarinnar 1930.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefir ekki getað orðið á eitt sátt um afgreiðslu þessa frv. Minni hl., þeir J. P. og B. K., hefir ekki viljað fylgja frv. eins og það liggur fyrir, og heldur ekki komið fram með breytingar við það í nefndinni. Mun hann því gera grein fyrir afstöðu sinni til frv. sjerstaklega.

Meiri hl. nefndarinnar vill verða við beiðni undirbúningsnefndar alþingishátíðarinnar, að veita ríkisstjórninni þær heimildir, er frv. fer fram á. Telur meiri hl. ekki rjett, að löggjafarvaldið færist undan að veita nefndinni þann stuðning, er hún telur sjer nauðsynlegan til framkvæmdar hinu þýðingarmikla og vandasama starfi fyrir þjóðina, sem Alþingi hefir falið henni að inna af hendi. Leggur því meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 13. april 1929.

Ingvar Pálmason,  
form. og frsm.

Jón Baldvinsson,  
fundaskr.

Páll Hermannsson.